LANDFARI

Listsýning Ásgríms á Kjarvalsstöðum

Nú eru hundrað ár liðin frá fæðingu Ásgríms Jónssonar, þessa ágæta heiðursmanns. Fyrstur var hann atvinnumálara á voru landi og á þess vegna þakkir skilið. Í tilefni af þessari hátíð, hafa ættingjar hans og vinir efnt til sýningar á mörgum verkum hans að Kjarvalsstöðum. Það er að segja á verkunum, sem hann átti seinustu árin, sem hann lifði og gaf þjóð vorri. En þarna eru því miður fá af hans góðu verkum. Þau eru fyrst og fremst frá hans seinustu árum og nokkur frá þeim fyrstu og meðal þeirra eru 2 litlar sjálfsmyndir, fíngerðar og fallegar.

Ásgrímur var hreinn í lund, töluvert barnalegur, laug aldri og var áhrifagjarn. Þess vegna málaði hann sínar beztu myndir meðan hann var einsamall málari á landinu sem nokkuð kvað að. Þótt Þórarinn Þorlákssson væri kominn á undan honum, þá gifti hann sig og varð því að fá sér annað að gera til að sjá fjölskyldu sinni borgið því að tekjur voru svo óvissar af að mála, að málari varð að vera ungkarl — og gekk illa. Ásgrímur hafði verið húsamálari í Höfn og var það allan tímann á meðan hann var við nám, svo hann var þá aldrei blankur. Þess vegna var það á árunum 1910-1920 sem hann málaði sínar beztu myndir. En þá fóru aðrir málarar að koma hingað og margir þeirra miklu lélegri en Ásgrímur. En það merkilega sem gerðist var, að hann þessi fastmótaði málari, sem hafði öll þessi ár lært af íslenzkri náttúru, fór að verða fyrir áhrifum af þessum lýð. Þetta gerðist svo alla hans ævi og varð seinast „klára della". Hvar sjáum við hér t.d. rauða mold eins og hann málar í Húsafellsskógi. Við verðum að fara til Suður-Frakklands til að sjá svo rauða mold. Á veginum frá Marselin til Nizza er á einum stað rauð mold. Sama má segja um eldgosamyndirnar og fossana, þær eru óíslenzkar.

Einhver bezta mynd eftir Ásgrím er Hvítá í Borgarfirði. Hún er í ríkissafninu máluð um það bil 1917-'18, keypt af Matthíasi Þórðarsyni, og er nú sennilega á Bessastöðum. Þessi mynd er heilsteypt, háíslenzk og hefur sannarlega safnlegt gildi, sem ekki verður sagt um myndirnar, sem nú eru sýndar.

Hvað á að gera við öll þau málverk, sem ríkinu eru gefin? Einn af okkar mislukkuðu málurum arfleiddi ríkið að öllum sínum verkum. Þau voru sýnd í safnhúsinu við mikinn orðstír Gunnlaugs Þórðarsonar.

Gunnlaugur Þórðarson keypti útlenda mynd, ef mynd skyldi kalla, nokkur strik — og færði þetta safninu að gjöf með mikilli viðhöfn. Svo fór hún Selma okkar til Parísar og komst í kjallarann fræga og keypti handa safninu — og það var nú það. Og svo það sem hún hefur svo keypt af löndum vorum. Annað eins safn sést ekki í Evrópu. Það er rusl, rusl!

Hvar eru verkin, sem fyrst voru gefin og safnið stofnað með? Verkin, sem Björn Bjarnarson safnaði í Danmörku? Hvar eru verkin, sem Matthías keypti? Hver er verkið, sem Kaaber gaf, og hvar eru verkin eftir Guðmund Thorsteinsson, sem Riseby gaf o.s.frv. Þessar myndir eru í húsum stjórnarinnar og á Bessastöðum. Úrvalið af því, sem safnið á, eftir er ruslið, sem enginn vill hafa á vegg. Hvar í heiminum myndi annað eins þekkjast?

Það hefði átt betur við, að Ásgrímur hefði verið heiðraður á hundrað ára afmæli með fallegri sýningu á verkum hans og um leið sögulegri.

Það má líka bæta því við, hvers vegna er ekki sýningin opin á mánudögum, og hvers vegna ekki fyrr en eftir kl. 4, þegar þarf að fara að nota rafmagnsljós?

Fólkið er tízkufólk, það breytist ekki, en einstöku menn ættu að vera yfir tízkuna hafnir, þroskaðir, og ráða yfir söfnum. Á síðastliðnu hausti sá ég ítalska nútíðar-sýningu í München, — hún var gullfalleg, fíngerð í lit og naturalistísk.

Ásgeir Bjarnþórsson

Í HLJÓMLEIKASAL

Af 12. hljómleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar



Guðný Guðmundsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt 12. reglulegu tónleika sína hinn 11. marz sl. í Háskólabíói, en 11. tónleikarnir féllu niður um sinn vegna verkfalla og annarra óviðráðanlegra orsaka. Á efnisskránni voru þrjú verk, svítan Bacchus et Ariane op. 42 eftir Albert Roussel (1869-1937), fiðlukonsert Stravinskýs í D-dúr, og 6. sinfónía Tsjækovskýs í H-moll op. 74. Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari lék einleik á fiðlu, en Karsten Andersen stjórnaði.


Þessi vika var vika 20.-aldar tónlistar hér í Reykjavík, því auk tveggja af þremur verkum Sinfóníuhljómsveitarinnar voru öll fjögur verk Kammersveitarinnar af því tagi. Svíta Roussels er hin áheyrilegasta, samin upp úr ballettónlist frá 1931. Blásarar hljómsveitarinnar fengu gott tækifæri til að taka ljós sín undan mælikerjum og blésu fagurlega.

Fiðlukonsert Stravinskýs var saminn 1931. Tónleikaskrá segir hann bera gott vitni um hinn nýklassíska stíl sem tónskáldið var að taka upp um þessar mundir, ungu tónskáldunum til mikillar hrellingar. Vilji menn fá frekari hugm. um konsertinn en tónleikaskrá og tónleikarnir sjálfir gáfu, þá hefur Stravinský lýst tónlist sinni með mynd. Viðmælandi hans (Robert Craft) spyr: „Gætir þú teiknað tónlist þína, í stíl við þessar myndir?", sem Stravinský gerði: „Þetta er mín músík" (sjá mynd).

Lítill vafi er á því, að Guðný Guðmundsdóttir er okkar albezti fiðlari um þessar mundir, enda hefur hún til að bera þann dugnað og skap sem til þarf. Hún lék konsertinn af miklu öryggi og þrótti. Tónninn fannst mér ekki eins mikill og menn eiga að venjast hjá Guðnýju, en boginn bítur hjá henni allra kvenna bezt, enda mun hún ekki hafa verið með sína venjulegu fiðlu, sem nú orðið er hin forna konsertmeistarafiðla Björns Ólafssonar, sem frægt er af fréttum. Guðný hefur sem sagt skap og tækni stórfiðlara, en ætti e.t.v. í framtíðinni að stefna að því að ná mýkri tóni, þótt ekki komi það Stravinský eða tónleikunum á fimmtudaginn við. Svo vitnað sé aftur í Stravinský, sem var mikill óvinur gagnrýnenda að hætti skapandi manna („He who can, does. He who cannot, criticizes"), þá hafði tónlistargagnrýnandi nokkur farið lofsamlegum orðum um flutning Haydn-sinfóníu — en Stravinský var mikill aðdáandi Haydns — og sagt að strengirnir hefðu „hljómað sem flauel". Þetta þótti Stravinský gagnrýnendalega mælt: stjórnandinn hefði eyðilagt flutninginn með því að spila andante-kaflann adagio, og báða allegro-kaflana prestissimo, auk þess sem strengir eigi að hljóma eins og strengir, en ekki eins og flauel. „Það er enginn önnur „túlkun" til en taktur og still".

Síðast á efnisskránni var hin vinsæla 6. sinfónía Tsjækovskýs, sem frumflutt var 1893. Hún tókst ágætlega, og rak góðan endahnút á þessa ágætu tónleika.

17.3. Sigurður Steinþórsson.



Z:325 ný ryksuga frá Electrolux

HELZTU KOSTIR:

850 w mótor tryggir nægan sogkraft.

Snúruvinda dregur snúruna inn í hjólið á augabragði.

Sjálflokandi pokar — hreinlegt að skipta um þá.

Rykstillir lætur vita þegar pokinn er fullur.

Sjálfvirkur rykhaus lagar sig að fletinum sem ryksuga á.



Léttbyggð — Lipur — Stöðug

VERÐ 47.300

Sértilboð — Kynningarkjör

Eignist slíka vél með aðeins 15.000 kr. útborgun og kr. 5.900 á mánuði í sex skipti.

VM Vörumarkaðurinn hf
ÁRMÚLA 1A

Sími: 86-111
Matvörudeild 86-112
Húsgagnadeild 86-112
Heimilistækjadeild 86-113
Vefnaðarvörudeild 86-114
Skrifstofan 86-114

Tilboð dagsins

BROYT X2B — model 1973

Getum boðið til afgreiðslu nú þegar erlendis frá Broyt X2B model 1973. Nýjar fóðringar og boltar í bómu. Tvöföld gúmmíhjól. Tækið hefur allt verið yfirfarið, viðgert eftir þörfum, hreinsað og málað og er í góðu standi. Ótrúlega hagstætt verð.

BROYT X2 — model 1965

Höfum til sölu innanlands Broyt X2 model 1965 í góðu standi. Tækið yfirfarið og innflutt fyrir 4 árum, m.a. Volvomótor og skipt um snúningskrans. — Til afgreiðslu nú þegar, ef samið er strax.

HF HÖRÐUR GUNNARSSON SKÚLATÚNI 6 SÍMI 19460